

Samband íslenskra sparisjóða

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Hrísunum 18. apríl 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.), 589. mál.

Samband íslenskra sparisjóða lýsir fullum stuðningi við umsögn Samtaka fjármálafyrirtæka dags. 15. apríl sl. um ofangreint lagafrumvarp.

Sambandið telur jafnframt rétt að koma á framfæri nokkrum almennum athugasemdum varðandi frumvarpið:

Umhugsunarefni er að frumvarpið fjallar að miklu leiti um auknar valdheimildir og aðgerðir Fjármálaeftirlitsins án þess að séð verði að frumvarpshöfundar horfi til þess hvaða áhrif mögulegar aðgerðir FME kunni að hafa á starfsskilyrð og kostnað a.m.k. smærri fjármálafyrirtækja og getu þeirra til að veita þá þjónustu sem viðskiptavinir ekki síst á landsbyggðinni þurfa á að halda.

Rétt er að hafa í huga að OECD hefur bent á nauðsyn þess að eftirlitsreglur stjórnvalda taki tillit til stærðar fyrirtækja og verði ekki til þess að smærri fyrirtæki hverfi af markaði vegna þess að þau eigi ekki möguleika á að uppfylla allar þær ströngu reglur og lagafyrirmæli sem sniðin eru að stærri fyrirtækjum með flóknari rekstur.

Mikilvægt er ekki síst fyrri minni fjármálafyrirtæki að við setningu og framkvæmd laga um starfsemi fjármálafyrirtækja sé fullt tillit tekið til meðalhófsreglunnar sem getið er víða í CRD IV og CRR, þ.e. að tekið skuli fullt tillit til stærðar umfangs og flækjustigs í rekstri fjármálafyrirtækja en mjög íþyngjandi getur verið fyrir minni fjármálafyrirtæki með einsleita starfsemi að uppfylla sömu kröfur og stærri viðskiptabankar sem bjóða alla þá fjármálaþjónustu sem heimil er.

Fram kemur víða í lögum 161/2002 að gera skuli greinarmun á smærri fjármálafyrirtækjum og stærri, bæði vegna mismunandi starfsheimilda og stærðar og umfangs rekstrar, m.a. með tilliti til áhættu í rekstri fyrir fjármálakefi landsins í heild. Í þeim lagabreytingum sem hér er fjallað um kemur sama hugsun fram þó framkvæmd virðist óljós og um of háð mati FME .

Slík aðgreining virðist bæði skynsamleg og raunar nauðsyn fyrir smærri fjármálafyrirtæki sem útilokað er að uppfylli allar þær kröfur sem tilskipanir EB gera til bankastofnana sem starfa á fjölbjóða grunni.

Til álita hlýtur að koma að setja í orðskýringar laga þessara skilgreiningu á smærri, jafnvel staðbundnum fjármálafyrirtækum sem skýrðu þá betur við hvaða fjármálafyrirtæki er átt þegar löggjafinn ákveður mismunandi meðhöndlun með tilliti til stærðar efnahags og eðli rekstrar. Nærtækast virðist þá að vísa annars vegar til starfsemi fjármálafyrirtækisins og hins vegar til stærðar efnahagsreiknings. Væri t.d miðað við 1% af efnahag íslenskra fjármálafyrirtækja væri viðmiðið nálægt 30 miljarðar eða 200 milljónir evra. Rétt gæti einng verið að horfa til ESB, sbr. tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Að lokum verður ekki hjá komist að nefna að sú lagasetning sem fjallað er um hér að ofan og framkvæmd laga 161/2002 að loknum breytingum gæti skipt sköpum varðandi framtíðarmöguleika þeirra sparisjóða sem enn starfa.

Virðingarfyllt

f.h. Sambands íslenskra sparisjóða

Ari Teitsson varaformaður stjórnar